

Fundargerð 844. fundar

stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2016, föstudaginn 25. nóvember kl. 12:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar í Allsherjarbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Halldór Halldórsson, Eiríkur Björn Björgvinsson í símasambandi frá Akureyri, Skúli Helgason, Gunnar Axel Axelsson, Jónína Erna Arnardóttir, Halla Sigríður Steinólfsdóttir, Gunnar Einarsson, Sigurður Björn Blöndal, Aldís Hafsteinsdóttir, Gunnlaugur Stefánsson í forföllum Gunnhildar Ingvarsdóttur og Ísólfur Gylfi Pálmason.

Að auki sátu fundinn Karl Björnsson framkvæmdastjóri og sviðsstjórnarnir Anna G. Björnsdóttir, Guðjón Bragason, Inga Rún Ólafsdóttir að hluta, Sigurður Ármann Snævarr og Magnús Karel Hannesson sviðsstjóri, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Fundargerð 843. fundar - 1511020SA

Lögð fram til staðfestingar fundargerð 843. fundar frá 28. október 2016.

Fundargerðin staðfest og undirrituð.

2. Skipulagsmálanefnd sambandsins - 1511036SA

Lögð fram fundargerð 23. fundar skipulagsmálanefndar sambandsins frá 14. nóvember 2016. Með vísan til töluliða 3, 4 og 6 í fundargerð nefndarinnar voru eftirfarandi bókanir samþykktar samhljóða:

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga leggur áherslu á að vinnu starfshóps til að greina lög og reglugerðir á sviði umhverfis- og auðlindaráðuneytisins vegna starfsemi vindorkuvera verði hraðað.

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga hvetur sveitarfélög til þess að hraða vinnu við gerð húsnæðisáætlana á grundvelli laga um almennar íbúðir enda eru slíkar áætlanir hugsaðar sem stjórn tæki fyrir sveitarfélögin. Jafnframt er mikilvægt að bæta aðgengi að tölulegum upplýsingum um húsnæðismál.

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga leggur áherslu á að í eigendastefnu ríkisins fyrir þjóðlendur komi skýrt fram hvernig ríkið sjái fyrir sér að sinna skyldum sínum sem landeigandi, m.a. varðandi fjallskila- og girðingamál.

3. Siðanefnd sambandsins - 1604033SA

Lagðar fram fundargerðir 8. fundar frá 8. september 2016, 9. fundar frá 3. október 2016 og 10. fundar frá 28. október 2016.

4. Fundir Jónsmessunefndar 2016 - 1601005SA

Lögð fram fundargerð samstarfsnefndar ríkis og sveitarfélaga – Jónsmessunefndar – frá 2. nóvember 2016.

5. Staða kjaraviðræðna - 1605090SA

Sviðsstjóri kjarasviðs sambandsins gerði grein fyrir stöðu kjaraviðræðna samninganefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga við Félag grunnskólakennara og Félag kennara og stjórnenda í tónlistarskólum. Einnig var gerð grein fyrir fjölmörgum ályktunum kennara, foreldra og grunnskólanema um skóla- og kjaramál. Eftirfarandi bókanir voru samþykktar samhljóða.

Formanni og framkvæmdastjóra falið að undirbúa og boða til fundar fulltrúa allra sveitarfélaga á næstunni. Á fundinum verði kynnt sú staða í kjaraviðræðum samninganefndar sambandsins og Félags grunnskólakennara sem uppi verður á þeim tíma sem fundurinn verður haldinn.

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga samþykkir að hefja greiningu á þeim faglegu og fjárhagslegu áhrifum sem stefna ríkisins um skóla án aðgreiningar og aðrar breytingar, s.s. innleiðingu nýrrar aðalnámskrár með nýju námsmati, hafa haft á vinnuumhverfi kennara og annars starfsfólks í grunnskólum landsins. Greiningin verði lögð til grundvallar viðræðum um endurskoðun á fjárhagslegum samskiptum ríkis og sveitarfélaga varðandi málefni grunnskólans.

Ísólfur Gylfi Pálmason vék af fundi kl. 14:00.

6. Starfshópur um endurskoðun laga um málefni fatlaðs fólks og laga um félagsþjónustu sveitarfélaga 2013-2020 - 1511241SA

Á fundinn komu Tryggvi Þórhallsson, lögfræðingur á lögfræði- og velferðarsviði sambandsins, og Gyða Hjartardóttir, félagsþjónustufulltrúi sambandsins, og kynntu helstu breytingar í tillögum um endurskoðun laga um málefni fatlaðs fólks og laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Eiríkur Björn Björgvinsson vék af fundi kl. 14:20.

7. Félagsþjónustunefnd sambandsins - 1511037SA

Lögð fram fundargerð 33. fundar félagsþjónustunefndar sambandsins frá 27. október 2016.

8. Samskipti sambandsins við Alþingi og ríkisstjórn - 1610035SA

Lagt fram bréf sambandsins, dags. 31. október 2016, til allra nýkjörinna alþingismanna, með áhersluatriðum úr stefnumörkun sambandsins 2014-2018.

9. Tillaga um áskorun um skattlagningu ofurbónusa - 1611029SA

Lagt fram bréf frá borgarstjóranum í Reykjavík, dags. 4. nóvember 2016, um tillögu sem lögð var fram á fundi borgarráðs þann 3. nóvember 2016, um áskorun um skattlagningu ofurbónusa. Borgarráð samþykkti að vísa tillögunni til meðferðar hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga sem er í viðræðum við ríkið um tekjuskiptingu hins opinbera.

Samþykkt var að vísa erindinu til fjármála- og efnahagsráðuneytisins.

10. Landsáætlun um uppbyggingu innviða 2016 - 1605117SA

Sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs sambandsins gerði grein fyrir helstu áherslum í drögum að fyrstu landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarminjum.

11. Sviðsstjóri rekstrar- og útgáfusviðs sambandsins - 1601006SA

Lagt fram bréf Magnúsar Karels Hannessonar, sviðsstjóra rekstrar- og útgáfusviðs sambandsins, dags. 6. nóvember 2016, um starfslok hans á næsta ári, þar sem hann vísar til starfsmannastefnu sambandsins og persónulegra ástæðna.

Stjórn sambandsins samþykkti óskir Magnúsar Karels Hannessonar, sviðsstjóra rekstrar- og útgáfusviðs, um tímasetningar starfsloka hans á árinu 2017. Formanni og framkvæmdastjóra var falið að undirbúa ráðningu í stöðu sviðsstjóra rekstrar- og útgáfusviðs sambandsins, annað hvort með auglýsingu eða öðrum hætti.

12. Tilnefning í Félagisdóm - 1610021SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til velferðarráðuneytisins, dags. 8. nóvember 2016, þar sem Gísli Gíslason, hafnarstjóri Faxaflóahafna, er tilnefndur til áframhaldandi setu í Félagisdómi.

13. Tilnefning í safnaráð - 1610019SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til mennta- og menningarmálaráðuneytisins, dags. 8. nóvember 2016, þar sem Sigríður Björk Jónsdóttir, fyrrverandi bæjarfulltrúi í Hafnarfjarðarkaupstað og byggingarlistfræðingur, er tilnefnd til áframhaldandi setu í safnaráði, og Magnús Karel Hannesson, sviðsstjóri rekstrar- og útgáfusviðs sambandsins, til vara.

14. Tilnefning í stjórn vinnustaðanámssjóðs - 1610024SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til mennta- og menningarmálaráðuneytisins, dags. 9. nóvember 2016, þar sem Sólveig B. Gunnarsdóttir, lögfræðingur á kjarasviði sambandsins, er tilnefnd til áframhaldandi setu í vinnustaðanámssjóði, og Þórður Kristjánsson, sérfræðingur á lögfræði- og velferðarsviði sambandsins, til vara.

15. Tilnefning í stjórn Nýsköpunarsjóðs námsmanna - 1609039SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til mennta- og menningarmálaráðuneytisins, dags. 14. nóvember 2016, þar sem Skúli Þór Helgason, borgarfulltrúi í Reykjavík, og Eva H. Baldursdóttir, lögfræðingur og varaborgarfulltrúi í Reykjavík, eru tilnefnd í stjórn Nýsköpunarsjóðs námsmanna.

16. Tilnefning í stjórn Húsnæðismálasjóðs - 1609018SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til velferðarráðuneytisins, dags. 14. nóvember 2016, þar sem Páll Brynjarsson, framkvæmdastjóri Sambands sveitarfélaga á Vesturlandi, og Björg Björnsdóttir, framkvæmdastjóri Sambands sveitarfélaga á Austurlandi, eru tilnefnd í stjórn Húsnæðismálasjóðs.

17. Umsögn um drög að reglugerð um heimagistingu - 1611020SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins, dags. 18. nóvember 2016, um drög að reglugerð um heimagistingu.

18. Umsögn um lög um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992 - mannfjöldaviðmið - 1608009SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til velferðarráðuneytisins, dags. 28. október 2016, um undanþágur frá íbúafjölda þjónustusvæða í málaflokki fatlaðs fólks.

19. Karlar í yngri barna kennslu - 1606100SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til ráðgjafarnefndar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, dags. 9. nóvember 2016, um beiðni um styrk vegna verkefnisins Karlar í yngri barna kennslu.

20. Ályktun Eyþings - sambands sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum - 1512043SA

Lögð fram til kynningar ályktun sem samþykkt var á aðalfundi Eyþings sem haldinn var 11. og 12. nóvember 2016.

21. Ályktun stjórnar SAMFOK - 1609023SA

Lögð fram til kynningar ályktun stjórnar SAMFOK, samtökum foreldra grunnskólabarna í Reykjavík, dags. 9. nóvember 2016, vegna alvarlegs ástands í grunnskólum.

22. Sóknaráætlun landshluta - greinargerð - 1604373SA

Lögð fram til kynningar greinargerð stýrihóps stjórnarráðsins um byggðamál, um framvindu samninga og ráðstöfun fjármuna 2015 vegna sóknaráætlana landshluta, dags. 1. nóvember 2016.

Framkvæmdastjóri skýrði frá vinnu við mótun byggðaáætlunar, sem hann tekur þátt í, og fleiri verkefnum sem tengjast starfi Byggðastofnunar og sóknaráætlanagerðinni.

Næsti fundur er ráðgerður 16. desember nk.

Fundi var slitið kl. 15:05.

Halldór Halldórsson

Eiríkur Björn Björgvinsson

Skúli Helgason

Gunnar Axel Axelsson

Jónína Erna Arnardóttir

Halla Sigríður Steinólfsdóttir

Gunnar Einarsson

Sigurður Björn Blöndal

Aldís Hafsteinsdóttir

Gunnlaugur Stefánsson

Ísólfur Gylfi Pálmason

framkvæmdastjóri

ritari